

**III. Gildistöku- og bráðabirgðaákvæði.**

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er að tillögu læknaeildar Háskóla Íslands staðfestist hér með samkv. 2. og 5. gr. læknalaga nr. 80/1969 til þess að öðlast gildi 1. júlí 1986. Jafnframt fellur úr gildi frá og með sama tíma reglugerð nr. 39/1970, um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa ásamt síðari breytingum.

Kandidötum, sem lokið hafa læknaprófi við gildistöku þessarar reglugerðar skal þó heimilt að haga almennu framhaldsnámi skv. I. kafla hinnar fyrri reglugerðar, ef námið er hafið þegar reglugerð þessi öðlast gildi. Einnig skal læknum, sem hafa hafið sérfræðinám við gildistöku, heimilt að haga sérnáminu skv. II. kafla fyrri reglugerðar til 1. júlí 1990. Skal sérstaklega tekið fram í umsókn sé slíkrar heimildar óskað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1986.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

Páll Sigurðsson.

Nr. 312

23. júní 1986

**AUGLÝSING**

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 51. og 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bannað er að leggja ökutækjum við Leirulæk nema á sérstökum afmörkuðum bifreiðastæðum.
2. Fellt er niður bann við:
  - a) Hægri beygju af Vitastíg inn á Laugaveg.
  - b) Vinstri beygju af Skúlagötu inn á Vatnsstíg.
  - c) Að leggja ökutækjum á Bergþórugötu að norðanverðu, milli Barónsstígs og Snorrabrautar.
  - d) Að leggja ökutækjum á Túngötu að sunnanverðu, frá Hofsvallagötu að Bræðraborgarstíg.
  - e) Að leggja ökutækjum á Njálsgötu að sunnanverðu, austan Barónsstígs meðfram lóð nr. 70.
  - f) Að leggja ökutækjum á Framnesvegi að vestanverðu, frá Öldugötu að Holtsgötu frá kl. 18.00 mánudaga-föstudaga til kl. 08.00 að morgni næsta dags.
3. Heimilt er að stöðva eða leggja ökutæki að sunnanverðu á Vesturgötu milli Seljavegar og Ánanausta. Bannað er að leggja ökutæki að norðanverðu á Vesturgötu á sama kafla.
4. Heimilt er að stöðva eða leggja ökutækjum á:
  - a) Vitastíg að austanverðu, milli Hverfisgötu og Laugavegs og milli Grettisgötu og Njálsgötu.
  - b) Lynghaga að sunnanverðu.
  - c) Tjarnargötu að austanverðu, frá Kirkjustræti að Vonarstræti.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 10 júlí n.k.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 23. júní 1986.*

**Böðvar Bragason.**